

**Nd.**

**527. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 100000 sterlingspund, eða tilsvarendi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. er borið fram í samráði við bankastjórn Landsbankans og samkvæmt svo hljóðandi bréfi frá bankaráðinu:

„Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands, sem haldinn var í gær, bar formaður upp svo hljóðandi tillögu:

„Þar sem í ráði mun vera, að ríkisstjórnin leiti heimildar Alþingis um ábyrgð á allt að £100000.00 bráðabirgðaláni handa Landsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands og ríkissjóði, samkvæmt vilyrði um lánveitingu frá Barclays Bank, Ltd., þá lýsir bankastjórn Landsbankans yfir því, að þó hún skoði þessa lánsheimild réttmæta tryggingarráðstöfun, þá ætlist hún ekki til þess að Landsbankinn noti neitt af þessu lánsfé, og lætur þá skoðun jafnframt í ljósi, að all-

ar nýjar bráðabirgðalántökur á yfirstandandi tíma séu stórhættulegar og til þeirra megi ekki grípa, nema einhverjir ófyrirsjáanlegir atburðir geri það óhjákvæmilegt“.

Þessi tillaga var samþykkt með samhljóða atkvæðum bankaráðsmanna og bankastjóranna.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllt.

Formaður Bankaráðs Landsbanka Íslands. .

Jón Arnason“.